

2110128

Kópavogsbær
Auður Dagný Kristinsdóttir
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 6. júlí 2022
Tilvísun: 202206013 / 3.5

Efni: Deiliskipulag fyrir Smárahvammsveg, Kópavogsbær

Kópavogsbær hefur, með erindi dags. 1. júní 2022, sent Skipulagsstofnun ofangreint deiliskipulag til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 17. desember 2021. Deiliskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn, þann 11. janúar 2021. Athugasemd barst frá almenningi á kynningartímanum og umsagnir bárust frá opinberum umsagnaraðilum.

Í deiliskipulaginu felst að afmarka og gera breytingar á núverandi gatnakerfi á um 3,5 ha vegsvæði og tekur til Smárahvammsvegar frá og með gatnamótum við Fífuhvammsveg að gatnamótum Arnarnesvegar. Akreinum er fækkað þannig að Smárahvammsvegur verður ein akrein í hvora átt. Gatnamót Smárahvammsvegar - Fífuhvammsvegar og Smárahvammsvegar - Gullsmára/Silfursmára verða umferðarljósastýrð. Vinstri beygjur verða leyfðar á öllum gatnamótum um op í miðeyju. Göngustígar verða beggja vegna gatna og göngulþveranir við öll gatnamót. Hjólastígur verður samhliða gangstíg vestan Smárahvammsvegar, í einstefnu upp í átt að Nónhæð.

Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 42. gr. þá ákvað Skipulagsstofnun að taka deiliskipulagið til nánari skoðunar og var sveitarsfélaginu tilkynnt um þá ákvörðun þann 16. júní 2022.

Deiliskipulagið er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdrætti í mkv. 1:1000 dags. 15. október 2021.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda en bendir á að samhliða þarf að ganga frá breytingum á skipulagsmörkum þeirra deiliskipulagsáætlana sem liggja með fram veginum og taka breytingum og senda stofnuninni til varðveislu.

- Stofnunin bendir á að þegar til þess kemur að unnið verður deiliskipulag fyrir göturými Arnarnesvegar og Fífuhvammsvegar þarf að gera breytingar á deiliskipulagi Smárahvammsvegar sbr. 43. gr. skipulagslaga að því tilskyldu að mörk þeirra skarist. Það á því ekki við að taka fram, eins og gert er í texta greinargerðar, að ekki þurfi að gera þurfi breytingu á deiliskipulaginu.


Berglind Sigurðardóttir